

Nr. 110 / 15 Fjóla GK 121***Strandar við Álftanes, stjórnandi sofnað***

Skipaskr.nr. 1516
Smíðaður: Skagaströnd 1978, plast
Stærð: 11,1 brl. 14,9 bt.
Mesta lengd: 11,87 m Skráð lengd: 11,45 m
Breidd: 3,67 m Dýpt: 1,44 m
Vél: Ford Sabre 86kW, 1991
Fjöldi skipverja: 2



Fjóla©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNSA
Lögregluskýsla

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 19. febrúar 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 13. október 2015 var Fjóla GK 121 á siglingu til Kópavogs. Veður: S-3 m/sek

Báturinn var á leið til löndunar en hann hafði verið á krabbaveiðum í Hvalfirði og Borgarfirði. Um kl. 08:40 sigldi Fjóla upp í fjöru við Eyri á Álftanesi og strandaði. Áhöfnin komst í land án aðstoðar.

Á flóði síðdegis flaut Fjóla upp og björgunarskipið Fiskaklettur úr Hafnarfirði aðstoðaði við að draga bátinn út úr grynningunum. Fjóla sigldi fyrir eigin vélarafli til Kópavogs.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn kvaðst hafa dottað og vissi ekki fyrr en báturinn strandaði;
- að skipstjórinn var einn á vakt en hásetinn var sofandi;
- að veiðiferðin var búin að taka u.þ.b. 29 klst. frá því að báturinn fór úr Kópavogshöfn um kl. 04:00 daginn áður;
- að skipstjórinn kvaðst ekki vita hversu lengi hann hafi hvílst á þessu tímabili en hann hefði lagt sig á siglingu milli veiðisvæða.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var þreyta skipstjórans sem sofnaði.